



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKIS



Ársskýrsla

2025



Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks
Ritstjórn og ábyrgð: Selma Kristjánsdóttir
Hönnun og uppsetning: Reynir Albert Þórólfsson

Ársskýrsla 2025



Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stjórn og starfsfólk

Björg Ársælsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Maj-Britt Hjördís Briem, frá júní 2024, SA

Ragna Vala Kjartansdóttir, stjórnarformaður til maí 2025, SA

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR

Ólafur Reimar Gunnarsson, stjórnarformaður frá maí 2025, VR

Varamenn:

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, LÍV

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR

Heiðrún Björk Gísladóttir, SA

Hugrún Elvarsdóttir, SA

Starfsfólk sjóðsins:

Selma Kristjánsdóttir og Signý Aðalsteinsdóttir

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var:

Valgerður Kristjánsdóttir, PwC.

Sex stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Ársskýrsla 2025

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar og hæfniaukningar

félagsfólks og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar síns starfsfólks. Sjóðurinn veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsfólks en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir starfsfólkið og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun og hæfni starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og hæfniaukningar tengt greinunum.
4. Að hvetja félagsfólk til náms og/eða frekari hæfniaukningar.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum og stuðla að aukinni hæfni starfsfólks innan fyrirtækja.

Yfirlit yfir breytingar og þróun sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum á árunum 2017 til 2025

Einstaklingar

2025

- Einyrki/verktaki/einstaklingsfyrirtæki getur eingöngu sótt um einstaklingsstyrk.
- Félagi getur sótt um styrk vegna kostnaðar á löggildri túlkajónustu ef félagi sækir starfstengt nám/námskeið eða tekur próf sem veitir/viðheldur auknum réttindum til starfa. Umsókn verður að fylgja almennri umsókn um styrk.
- Viðmið sett á vef sjóðsins vegna fegrunarfræði.
- Online tómstundanámskeið sem falla að viðmiðum sjóðsins eru styrkhæf ef fræðsluaðili er með íslenska kennitölu í rekstri.
- Valfrjáls gjöld í framhaldsskóla eru ekki styrkhæf.
- Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis er að hámarki 800.000 þegar einstaklingur á rétt á uppsöfnun.

2024

- Viðmið sett fram varðandi styrkhæfni í íslenskukennslu.
- Viðmið sett fram varðandi styrkhæfni í sjálfsstyrkingu.
- Skerping á viðmiðum gagnvart stjórnendapjálfun.
- Skerping á orðalagi í reglum gagnvart félögum á örorkulífeyri.
- Breyting á reglu 19 - skerping á viðurlögum sjóðsins.

2023

- Hækkun á einstaklingsstyrkjum í 180.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Uppsöfnun hækkar upp í 540.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Ferðastyrkur hækkar í 50.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Tómstundastyrkur hækkar í 40.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Sameiginlegur styrkur hækkar í 800.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.

2022

- Ferða- og gistikostnaður fellur undir skilgreiningu á ferðastyrk frá 1. janúar 2023.

2021

- Yfirlitsskjal yfir leiðirnar þrjár sett fram.
- Yfirlitsskjal yfir hvað er styrkhæft.

2020

- Viðmið um hvað er námskeið af hálfu sjóðsins sett í reglur sjóðsins.

2017

- Hækkun á veittum styrk. 90% af reikningi – 130.000 kr. og 390.000 kr. í uppsöfnun. Tómstund 50% – 30.000 kr. og ferðastyrkur 50% – 40.000 kr. Hægt að nýta uppsafnaðan ferðastyrk – 120.000 kr
- Tómstund hefur ekki áhrif á uppsöfnun.
- Raunfærnimat þeirra sem falla utan markhóps FRÆ styrkhæft sem starfstengdur styrkur.

Yfirlit yfir breytingar og þróun sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum á árunum 2017 til 2025

Fyrirtæki

2025

- Skerping á skilgreiningu gagnvart styrkveitingu á fræðslupökkum og stjórnendapjálfun.
- Einyrki/verktaki/einstaklingsfyrirtæki getur eingöngu sótt um einstaklingsstyrk.
- Uppfærsla á Áttinni - umsóknarferli einfaldað.
- Viðmið ein umsókn fyrirtækis á Áttinni - einn reikningur.
- Regla 14 – ekki styrkhæft fyrirtækjamegin skilgreint í reglur sjóðsins.
- Sérlið bætt í reglu 8: Námskeið/fræðsla sem haldin eru af starfsfólki fyrirtækis og fyrirtækið greiðir ekki sérstaklega fyrir eru ekki styrkhæf.
- Reikningar vegna fræðslu verða að vera gefnir út af fræðsluhaldara.
- Skerping á reglu um þróunarstyrki og gildistíma samþykkis. Samþykktir þróunarstyrkir hafa gildistíma frá samþykkt. Óráðstafaður samþykktur þróunarstyrkur fellur niður við lok gildistíma.

2024

- Breyting á fyrirkomulagi lækkaðs iðgjalds. Gildistími er 12 mánuðir, eingöngu fyrirtæki sem greiða a.m.k. 4 millj. í iðgjöld á ársgrundvelli og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári eða í febrúar ár hvert. Tekur gildi 1. janúar 2025.
- Breyting á greiðslufyrirkomulagi á Fræðslustjóra að láni verkefni sjóða. Samþykkt að sjóður greiðir 50% á móti fyrirtæki. Tekur gildi 1. janúar 2025.
- Hvatastyrkur til fyrirtækja felldur niður.
- Styrkur til námsefnisgerðar innan fyrirtækis hækkaður í 400.000 að hámarki 4 styrkir á ári.
- Breyting á reglu um stafræna fræðslupakka - fyrirtæki þurfa að sýna fram á virkni þátttakenda - skerping á viðmiðum.

2023

- Árlegur réttur fyrirtækja hækkaður upp í 4.000.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.

2022

- Samþykkt að hækka fyrirtækjastyrki úr kr. 130.000 per einstakling í kr. 390.000 frá og með 1. janúar 2023.
- Markaðsherferð Áttarinnar fer af stað, 12 mánaða verkefni.

2019

- Úttekt unnin á Fræðslustjóra að láni – samstarfsverkefni sjóða.
- Hækkun og breyting á rétti fyrirtækja og útgreiðslu styrkja til fyrirtækja samþykkt. 90% greidd af reikningi, hámark 130.000 kr. per. einstakling. Réttur fyrirtækja 3 milljónir á ári. Tekur gildi 1. janúar 2020.
- Rafrænt námsumhverfi styrkhæft.
- Stutt sérstaklega við rafræna fræðslu innan fyrirtækja.

2018

- Aðildarfélögum heimilt að sækja um sérstaka styrki til sjóðsins vegna fræðslu félagsfólks.

2017

- Sameiginlegur styrkur fyrirtækja og starfsfólks – ef nám 500.000 kr. eða hærra (diplómanám undanþegið).
- Viðmiðunartala á innri fræðslu við afgreiðslu á lækkuðu iðgjaldi hækkuð úr 7.500 kr. í 12.500.

Yfirlit yfir breytingar og þróun sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum á árunum 2017 til 2025

Þróunarvinna

2025

- 25 ára afmæli starfsmenntasjóðanna
- Afmælisráðstefna Áttarinnar - Áttin 10 ára
- Hæfnigreining starfa; Starf í verslun á þrepi 2, Starf í verslun á þrepi 4. Starf þjónustufulltrúa og sérhæfðs þjónustufulltrúa þrep 2.

2024

- Hæfnigreining starfa, starf gjaldkera og almennur bókarí.

2023

- Hæfnigreiningar starfa í verslun og þjónustu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér um framkvæmd fyrir SVS.

2022

- Ný vefsíða SVS fer í loftið.
- Upplýsingar aðgengilegar á ensku og pólsku.
- Myndabanki SVS.

2021

- Þátttaka í þróun á Stafrænu hæfnisetri með VR, SVP og HR.

2018 - 2021

- Fagnám verslunar og þjónustu – fagbréf. Samstarfsverkefni SVS/VR, SVP, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis símenntunar og Verzlunarskóla Íslands. Námið er í boði hjá Verzlunarskóla Íslands.
- Sameiningarviðræður við SV enn í gangi.

2018

- Rannsókn meðal fyrirtækja og trúnaðarmanna á viðhorfi til náms í verslun.
- Niðurgreiðsla til fyrsta hóps í Diplómanámi – 50.000 kr., svo 25.000 kr. síðan er því hætt.
- Forystubraut SVP og Tækniskólans. Varð síðar Stafræn viðskiptalína á viðskiptabraut hjá Verzlunarskóla Íslands 2019.
- Samstarfsverkefni með Hæfnisetri ferðapjónustunnar – fræðslupörf fyrirtækja í ferðapjónustu.

2017

- Rýnihópavinna – karlar 35+ og sókn þeirra í sjóðinn.
- Þróun á Diplómanámi í verslunarstjórnun og viðskiptafræði HR og Bifröst. Samstarf með SVP.

| Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Fjöldi einstaklinga sem sótti um styrk í sjóðinn fækkaði um 38 einstaklinga milli ára 2024 og 2025. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja hækkaði um rúmlega 8 milljónir króna. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði á árinu 2025 eða um tæpar 26 milljónir króna sem er 13% aukning milli ára. Það er ánægjulegt að aukning styrkja bæði til einstaklinga sem og fyrirtækja heldur áfram milli ára.


Önnur verkefni á árinu

- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar, vefgáttar starfsmenntasjóða á almenna markaðinum þar sem fyrirtæki geta sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.
- Sérstakt 10 ára afmælisár Áttarinnar var á árinu 2025 með uppfærslu á vefgáttinni og einföldun á umsóknarferli fyrirtækja.
- Sérstakur afmælisviðburður Áttarinnar var haldinn í september 2025.
- Áttin hefur unnið markvisst að kynningarátaki til fyrirtækja undanfarin misseri sem skila sér í aukinni vitneskju um Áttina og skilar auknum fjölda fyrirtækja sem sækja um styrk gegnum Áttina.
- Greinaskrif um starfsmenntun og styrkmöguleika.
- Breytingar, skerping og viðbætur við reglur og viðmið við afgreiðslu styrkja í sjóðinn. Allar breytingar sem gerðar eru á reglum uppfærast á vefsíðu sjóðsins og eru sýnilegar á ensku og pólsku til viðbótar við íslensku.
- Markvissar auglýsingaherferðir á samfélagsmiðlum allt árið til félaga og upplýsingagjöf um hvað telst styrkhæft í sjóðinn.
- Reglulegir fundir með stýrihópi Fagnáms verslunar- og þjónustu í samvinnu við Verzlunarskóla Íslands, Mími og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar – áframhaldandi samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðaðþjónustu.
- Þátttaka á viðburðum og kynningum tengdum starfsmenntun og frekari hæfni starfsfólks á vinnumarkaði.
- Hæfnigreiningarvinna í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 1.212.036.236 árið 2025 og úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru alls kr. 1.182.333.619. Greiddir styrkir sjóðsins eru aðeins lægri en greidd iðgjöld á árinu 2025, eða 98% af greiddum iðgjöldum. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar sjóðsins miðar að því að 90% af iðgjöldum sjóðsins nýtist beint í styrki til hæfniaukningar fyrir félagsfólk sjóðsins og fyrirtæki sem að sjóðnum standa.


Iðgjöld og styrkir

Mynd 1



Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2



Útgreiðsla styrkja hefur aukist undanfarin ár og á árunum 2018 - 2021 fór útgreiðsla styrkja yfir framlög iðgjalda og hélst þannig til ársins 2022. Greiðsla styrkja minnkaði hlutfallslega árin 2022 og 2023 og eftir breytingu og samþykki á hærri einstaklingsstyrk sem tók gildi í upphafi árs 2024 fór hlutfallið í 103%.

Sjá mynd 1 og 2

| Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 10 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja fyrir sitt félagsfólk.

AFL Starfsgreinafélag

Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri (FVSA)

Framsýn stéttarfélag

Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest.)

Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)

Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ.)

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

VR

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam kr. 981.242.031 og hækkar um rúmar 8 milljónir króna milli ára, eða um 1%. Einstaklingar sem fengu greidda styrki 2025 voru 8.734 talsins og fjölgaði um 67 frá árinu áður en þá fengu 8667 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3.


Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2025 lækkaði um tæplega kr. 4.000 milli ára, úr kr. 82.508 árið 2024 í kr. 78.736. Sjá mynd 4. Á mynd 5 má sjá meðalupphæð styrkja hjá öllum LÍV-félögum.

Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2025 var kr. 981.242.031 á móti kr. 973.118.347 árið 2024 og hækkaði útgreiðsla á einstaklingsstyrkjum einungis um 1% á milli ára. Sjá mynd 6.

Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2025 var kr. 981.242.031


Fjöldi einstaklinga sem fá styrki

Mynd 3




Meðalupphæð styrkja

Mynd 4



Meðalupphæð eftir félögum


Mynd 5



Heildarupphæð styrkja í milljónum kr.

Mynd 6


■ VR ■ Önnur félög



Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 7


■ 2024 ■ 2025



Fjöldi styrkja eftir aldri (VR)

Mynd 8


■ 2023 ■ 2024 ■ 2025



Fjöldi styrkja eftir aldri (önnur félög)

Mynd 9

■ 2023 ■ 2024 ■ 2025



Á mynd 7 er horft til meðalupphæðar á styrk miðað við aldur styrkþega á árunum 2024 og 2025. Aldurshóparnir fimm eru óvenjufarnir árið 2025 en aldurshópurinn undir 25 ára fær að meðaltali rúmar 70 þúsund krónur á móti rúmum 80 þúsundum króna þeirra sem eldri eru.

Flestar umsóknir félagsfólks VR koma frá aldurshópnum 25-34 ára og svo yngsta hópnum sem er fólk yngra en 25 ára. Ánægjulegt er að sjá að aldurshópurinn 35-44 fylgir fast á eftir yngsta hópnum og hækkun er í fjölda styrkja í öllum aldurshópum nema yfir 55 ára, sjá mynd 8.


Hjá hinum LÍV félögunum er yngsti hópurinn (undir 25 ára) öflugastur í fjölda umsókna. Þar á eftir kemur aldurshópurinn 55 ára og eldri sem tekur áberandi stökk í fjölda umsókna og er annar öflugasti hópurinn hjá hinum LÍV félögum sjóðsins í fjölda umsókna 2025, sjá mynd 9.



Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja er vegna starfstengds náms eða 89%. Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum í öllum aldurshópum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Hlutfall milli kynja er nánast það sama milli ára. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Hlutdeild kynja eftir aldri

Mynd 10

■ Karlar ■ Konur






Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eða 89% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis og er sambærilegt hlutfall milli ára en það var 88,3% 2024.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 34% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. Nám eða námskeið sem ekki er metið til eininga eða til aukinna réttinda verður að falla að viðmiðum sjóðsins um skilgreiningu og skilyrði námskeiðs og verður að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga til að teljast styrkhæft. Nánari skilgreining á hvað telst styrkhæft samkvæmt reglum sjóðsins er að finna á vef sjóðsins.

Hvað fellur undir viðmið um námskeið hjá starfsmenntasjóði VR/LÍV?



Hvað er þá styrkhæft?

Styrkhæft nám

- ✓ Nám til eininga
- ✓ Aukin réttindi
- ✓ Tungumálanám einkakennsla í tungumáli er styrkhæf

Styrkhæft netnámskeið

- ✓ Fellur að viðmiðum um námskeið
- ✓ Starfstengt námskeið ef það er óljóst, þá þurfa rök að fylgja með
- ✓ Áskrift með mörgum starfstengdum námskeiðum er heimil

Styrkhæft námskeið

- ✓ Fellur að viðmiðum um námskeið
- ✓ Starfstengt námskeið ef það er óljóst, þá þurfa rök að fylgja með
- ✓ Ráðgjöf, handleiðsla og meðferðarúræði eru ekki styrkhæf

Styrkhæf ráðstefna

- ✓ Ráðstefna með skipulagðri dagskrá sem inniheldur starfstengd fræðsluerindi
- ✓ Eingöngu ráðstefnugjald ekki upphald
- ✓ Hlekkur á vefsíðu og dagskrá þarf að fylgja umsókn

Styrkhæf sjálfstyrking


- ✓ Fellur að viðmiðum um námskeið
- ✓ Verður að vera forvörn, ekki meðferð
- ✓ Eingöngu sjálfstyrkingarnámskeið innanlands
- ✓ Starfstengd markþjálfun 12 tímar á ári, tímafjöldi sýnilegur á reikningi

Styrkhæft tómstunda-námskeið

- ✓ Fellur að viðmiðum um námskeið
- ✓ Byrjendanámskeið en ekki iðkun í sama fagi
- ✓ Greiddur reikningur verður að vera á nafni félaga

Dreifing styrkja

Mynd 13



Fyrirtækjastyrkir


Greiddir styrkir til fyrirtækja og samtaka ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samanlagt rúmlega 190 milljónir króna árið 2025 á móti tæplega 170 milljónum króna 2024 og er hlutfall þeirra 16% af heildarstyrkjum sjóðsins en var 15% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja og samtaka hækkaði um tæpar 26 milljónir milli ára eða um 22%. Starfsmenntasjóðirnir sem standa að Áttinni héldu áfram í markaðsátaki á vitundarvakningu fyrirtækja á vefgáttinni Áttin.is og möguleikum fyrirtækja að sækja um styrki vegna fræðslu og hæfniaukningar starfsfólks í sjóðina á skilvirkan og einfaldan máta. Þar að auki átti vefgáttin 10 ára afmæli í ár og var haldin sameiginleg afmælisveisla í tilefni samstarfsins.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2025 fengu sem nemur kr. 30.416.278 samanlagt í afslátt á iðgjöldum. Þar sem sú tala kemur ekki fram í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 15 þúsund sjóðsfélaga sem er fjölgun um 183 einstaklinga milli ára. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsfólks sést á mynd 13.

Aukning á fjölda fyrirtækjastyrkja heldur áfram árið 2025 og er 18% aukning á fjölda styrkja til fyrirtækja milli ára. Á síðastliðnum fjórum árum hefur hvert metárið verið slegið í fjölda fyrirtækjastyrkja og er árið 2025 ekki undanskilið og slær nýtt metár sjóðsins í fyrirtækjastyrkjum með samtals 1176 samþykktu fyrirtækjastyrki á móti 998 árið 2024, sjá mynd 14. Á mynd 15 má sjá fjölda þeirra fyrirtækja sem hafa sótt um styrk í sjóðinn. Á árinu 2025 voru samtals 325 fyrirtæki sem fengu samþykktan styrk frá sjóðnum á móti 339 fyrirtækjum árið 2024, eða fækkun um 14 fyrirtæki, sjá mynd 15.


Fjöldi fyrirtækjastyrkja

Mynd 14



Fjöldi fyrirtækja

Mynd 15



Aukning á fjölda fyrirtækjastyrkja heldur áfram árið 2025 og er **18% aukning**

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi árið 2025 voru 18. Fyrstu tvo mánuði 2025 voru þau samtals 26 en fækkaði um 8 eftir breytingar og afgreiðslu umsókna um áframhaldandi lækun í upphafi árs. Í ársbyrjun 2025 varð breyting á umgjörð lækkaðs iðgjalds í sjóðinn þar sem sett voru skilyrði að eingöngu fyrirtæki sem greiða yfir 4 milljónir í iðgjöld á ári (0,3%) geta sótt um lækun. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt rúmlega 41 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rétt tæplega 11 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmar 30 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækkinin gildir. Sjá mynd 16.

Árið 2025 varð verulegur samdráttur í fjölda fyrirtækja sem tóku þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en aðeins eitt fyrirtæki, Garri ehf. tók þátt í verkefninu. „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Afurð verkefnisins er fræðsluáætlun fyrirtækis sem fyrirtækið fylgir, eftir að verkefni lýkur. Í upphafi árs 2025 samþykktu sjóðirnir breytingu á greiðslufyrirkomulagi verkefnisins þar sem fyrirtækin sem taka þátt í „Fræðslustjóri að láni“ greiða nú 50% kostnaðar af kostnaði til móts við sjóðina. Sjá mynd 17.

Árið 2017 samþykkti stjórn sjóðsins og setti á laggirnar nýjung við afgreiðslu styrkja þegar sameiginlegur styrkmöguleiki einstaklings og fyrirtækis leit dagsins ljós. Með því móti er möguleiki að hámarka rétt beggja aðila í sjóðinn á móti einum greiddum reikningi. Skilyrðin fyrir slíkri umsókn eru að námsgjaldið sé hærra en kr. 200.000 og yfirlýsing fylgi frá fyrirtækinu að um sameiginlega umsókn sé að ræða af beggja hálfu. Einstaklingur sækir um sameiginlega umsókn í sjóðinn hjá sínu stéttarfélagi sem afgreiðir einstaklingsstyrkinn og er afgreiðsla fyrirtækjastyrks svo á vegum sjóðsins í samstarfi við stéttarfélagið. Nánari útskýringar og leiðbeiningar um sameiginlegan styrk fyrirtækja og einstaklings má finna á vef sjóðsins. Samtals fengu 44 félagar samþykktan sameiginlegan styrk og er fækkun um 22 styrki milli ára, sjá mynd 18.

Á undanförunum árum hefur styrkveitingu í íslensku sem annað mál farið vaxandi hjá SVS. Á mynd 19 má bæði sjá vöxt í fjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjálfun í íslensku sem annað mál og þær upphæðir sem nýttar eru í styrki vegna málaflöksins. Á árinu 2025 voru veittar tæplega 12 milljónir krónur í styrki vegna íslensku sem annað mál á móti rúmum 4 milljónum króna árið 2024. Hér er um 189% hærra upphæð nýtt í styrki vegna málaflöksins milli ára.


Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.


Fjöldi á lækkuðu iðgjaldi

Mynd 16




Fræðslustjóri að láni

Mynd 17



Fjöldi sameiginlegrir styrkir

Mynd 18



Árið 2025 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:

- Menntadagur atvinnulífsins 2025
- Fræðsla til framtíðar - lítil fyrirtæki í ferðapjónustu
- Gerum betur ehf. - Menningarlæsi í mynd – kennslumyndband og stutt netnámsefni fyrir vinnustaði
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Rafrænt umsýslukerfi fyrir raunfærnimat
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - hæfnigreiningar fyrir starf í verslun á þrepi 2 og 4, hæfnigreining starfs þjónustufulltrúa og sérhæfðs þjónustufulltrúa á þrepi 2

Þróun náms í verslun og þjónustu

Fagnám verslunar og þjónustu hófst árið 2020 í samstarfi VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykka til þátttöku í námið. 63 nemendur voru skráðir í námið í lok árs 2025. Þar af voru 49 virkir. 25 nemendur hafa útskrifast úr fagnámi verslunar og þjónustu og 6 hafa þar að auki lokið stúdentsprófi.

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2019 og útskrifaðist vorið 2022 með 25 nemendum. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrír í senn og komast færri að en vilja. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna samkvæmt talsmanni Verzlunarskólans, sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands. Margir nemendur segjast hafa valið þessa námslínu vegna vinnustaðanámsins og sjá alls ekki eftir því.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi þar sem einingar eru tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 30 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 18 nemendur virkir í náminu í dag. Háskólinn á Bifröst býður einnig upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun og þar eru 27 nemendur skráðir virkir í náminu í dag.

Ert þú að huga að starfsþróun?

Einstaklingar



1

Senda inn umsókn hjá þínu stéttarfélagi



2

Senda inn staðfestingu á greiddum reikningi fyrir námi/námskeiði



3

Senda inn lýsingu á námi/námskeiði




4

Styrkuppghæð greiðist inn á reikning að uppfylltum skilyrðum





FJÁRMAGN TIL FRÆÐSLU



| Áttin 10 ára

10 ára afmælisviðburður Áttarinnar var haldinn hátíðlegur á Grand hóteli 18. september 2025. Margt var um manninn þar sem fulltrúar nokkurra fyrirtækja sögðu meðal annars frá reynslu sinni af notkun vefgáttarinnar og þeim áskorunum sem fylgja því að stuðla að aukinni hæfni innan fyrirtækja. Viðburðurinn var vel heppnaður og vel sóttur af fólki sem kom víðs vegar að. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar myndir frá viðburðinum.



Ársreikningur 2025

| Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var jákvæð um 1,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins 1.118 m.kr, bókfært eigið fé í árslok 1.023 m.kr. og var eiginfjárhlutfall sjóðsins 91% í árslok.

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms og hæfniaukningar tengt greinunum.
- Að hvetja félagsfólk til náms og/eða frekari hæfniaukningar.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum og stuðla að aukinni hæfni starfsfólks innan fyrirtækja.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.
Reykjavík 7. apríl 2026

Stjórnarformaður:

Ragna Vala Kjartansdóttir

Stjórn:

Björg Ársælsdóttir

Eiður Stefánsson

Maj-Britt Hjördís Briem

Ólafur Reimar Gunnarsson

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

| Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning fyrir árið 2025.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2025.
- Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

| Áritun óháðs endurskoðanda, frh

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi: Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

| Áritun óháðs endurskoðanda, frh

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 7. apríl 2026

PricewaterhouseCoopers ehf.

| Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Iðgjöld atvinnurekenda		968.657.005	895.979.241
Mótframlög stéttarfélaga		243.379.231	223.974.815
		<u>1.212.036.236</u>	<u>1.119.954.056</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	4	1.182.333.619	1.155.455.501
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	55.071.863	46.776.360
Markaðskostnaður	6	2.087.937	1.139.545
Innheimtukostnaður iðgjalda		25.739.579	23.801.746
		<u>1.265.232.998</u>	<u>1.227.173.152</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		(53.196.762)	(107.219.096)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur	7	66.969.331	102.214.273
Fjármagnsgjöld		(29.955)	(32.519)
Fjármagnstekjuskattur		(12.512.984)	(21.776.108)
		<u>54.426.392</u>	<u>80.405.646</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>1.229.630</u>	<u>(26.813.450)</u>

| Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12 2025	31.12 2024
Eignir			
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	8	975.559.559	979.850.754
Óinnheimt iðgjöld	9	106.821.636	77.680.141
Aðrar skammtímakröfur		9.334.200	5.355.891
Handbært fé		26.378.103	30.079.817
Eignir		1.118.093.498	1.092.966.603
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	1.022.587.069	1.007.785.021
Skammtímaskuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	11	73.685.597	64.759.179
Aðrar skammtímaskuldir	12	21.820.832	20.422.403
		95.506.429	85.181.582
Eigið fé og skuldir		1.118.093.498	1.092.966.603

| Yfirlit um stjórðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		1.229.630	(26.813.450)
Hreinar fjármunatekjur		(54.426.392)	(80.405.646)
		(53.196.762)	(107.219.096)
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(33.119.804)	10.764.219
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		1.398.429	(110.958)
Skammtímalíðir fluttir frá Leiðsögn		157.393	0
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(84.760.744)	(96.565.835)
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		6.080.715	6.829.750
Greiddur fjármagnstekjusk. af veltufjármunum		(1.694.512)	(1.458.556)
Greiddir vextir af skammtímaskuldum		(29.955)	(32.519)
Handbært fé til rekstrar		(80.404.496)	(91.227.160)
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréfasöfn, breyting	8	76.347.000	(30.000.000)
		76.347.000	(30.000.000)
Lækkun handbært fé á árinu		(4.057.496)	(121.227.160)
Handbært fé í upphafi árs		30.079.817	151.306.977
Handbært fé flutt frá Endurmenntunarsjóði Leiðsagnar	1	355.782	0
Handbært fé í lok árs		26.378.103	30.079.817

1 Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SV) var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

Þann 30. júní 2025 sameinaðist Endurmenntunarsjóður Leiðsagnar VR. Rekstur Endurmennt-unarsjóðs Leiðsagnar á árinu er að fullu inni í ársreikningi 2025, en samanburðarfrjárhæðir ársins 2024 innihalda eingöngu rekstur og efnahag SVS.

2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf félagsins eru metin á gangvirði og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3 Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna sjóðsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Iðgjöld eru tekjufærð við innborgun, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

| Skýringar og sundurliðanir

d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

f. Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu sjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

g. Handbært fé

Handbært fé sjóðsins eru óbundnar bankainnstæður.

h. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

4. Úthlutaðir styrkir

	2025	2024
Fræðslustyrkir til einstaklinga	981.242.031	973.118.347
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	194.618.283	165.830.989
Fræðslustjóri að láni - styrkir	645.808	3.335.093
Þróunar- og nýsköpunarstyrkir	4.479.149	11.693.472
Hæfnigreiningar starfa	4.124.297	1.737.100
Endurgreitt vegna fyrri árs styrkja	(2.775.949)	(259.500)
	1.182.333.619	1.155.455.501

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Umsýsluþóknun - greidd til VR	51.526.551	45.138.635
Rekstur Áttarinnar - útlagður kostnaður	5.864.660	2.337.661
Rekstur Áttarinnar - endurgreiðslur samstarfsaðila	(4.268.183)	(2.245.375)
Aðkeypt tölvuþjónusta	337.957	6.789
Endurskoðun	936.047	557.869
Stjórn og stjórnarfundir	286.382	354.744
Afskrifuð iðgjöld vegna fyrri ára	0	243.954
Annar kostnaður	388.449	382.083
	55.071.863	46.776.360

VR annast daglega umsjón með rekstri sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Í því felst m.a. allt starfsmannahald, móttaka, skráning og afgreiðsla umsókna, símsvörun, svör við fyrirspurnum til sjóðsins, úrskurðir um vafaatriði og umfjöllun um kærur, ásamt uppfærslu upplýsinga á vef sjóðsins.

6. Markaðskostnaður

	2025	2024
Auglýsingar	1.590.635	575.915
Hönnun, útgáfa og prentun	497.302	544.880
Annar markaðskostnaður	0	18.750
	<u>2.087.937</u>	<u>1.139.545</u>

7. Fjármunatekjur

	2025	2024
Vaxtatekjur af bankareikningum	4.629.285	5.259.946
Vaxtatekjur af iðgjöldum	1.451.430	1.569.804
Vaxtatekjur af verðbréfaeign	1.491.460	4.115.191
Gengisbreyting verðbréfasafns	62.321.816	94.048.335
Þóknun vegna verðbréfasafns	(2.924.660)	(2.779.003)
	<u>66.969.331</u>	<u>102.214.273</u>

8. Verðbréfasafn

	31.12.2025	31.12.2024
a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:		
Staða í ársbyrjun	979.850.754	855.925.239
Flutt frá Endurmenntunarsjóði Leiðsagnar sbr. skýringu 1	15.039.150	0
(Útborgað) innborgað á verðbréfasafn	(76.347.000)	30.000.000
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(3.883.313)	(1.459.007)
Greiddar umsýsluþóknar	(2.913.310)	(2.779.003)
Vaxtatekjur og gengisbreytingar ársins	<u>63.813.278</u>	<u>98.163.525</u>
Staða í árslok	<u>975.559.559</u>	<u>979.850.754</u>
Nafnávöxtun á verðbréfaeign	5,39%	10,17%
Raunávöxtun á verðbréfaeign	0,62%	5,30%

| Skýringar og sundurliðanir

31.12.2025 31.12.2024

b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

Innlán í bönkum og sparisjóðum	39.987.746	74.485.332
Innlán í bönkum og sparisjóðum erlendar myntir	17.996.022	0
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skbr. m. ábyrgð ríkissjóðs	574.197.977	508.318.937
- Verðtryggð ríkisskuldabréf	252.961.023	334.175.568
- Óverðtryggð ríkisskuldabréf og vixlar	321.236.954	174.143.369
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	7.907.369	0
Skuldabréf og vixlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana	20.439.273	41.318.588
Sértryggð skuldabréf	79.437.676	47.911.051
Skuldabréf fyrirtækja	24.045.471	57.902.520
Hlutabréf	211.548.025	223.196.479
- Innlend hlutabréf	65.280.839	66.986.361
- Erlend hlutabréf	146.267.186	156.210.118
	975.559.559	953.132.907

31.12.2025 31.12.2024

9. Óinnheimt iðgjöld

LIVE og VR	101.829.466	76.322.048
Óinnheimt frá aðildarfélögum	4.992.170	1.358.093
	106.821.636	77.680.141

10. Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinaast þannig

	2025	2024
Yfirfært frá fyrra ári	1.007.785.021	1.034.598.471
Yfirfært frá Endurmenntunarsjóði Leiðsagnar	13.572.418	0
Rekstrarniðurstaða ársins	1.229.630	(26.813.450)
	1.022.587.069	1.007.785.021

11. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	2025	2024
Staða í ársbyrjun	64.759.179	45.900.635
Flutt frá Endurmenntunarsjóði Leiðsagnar	1.979.907	0
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(3.883.313)	(1.459.007)
Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts	10.829.824	20.317.551
	73.685.597	64.759.179

12. Skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd þóknun VR	15.805.302	10.430.299
Ógreitt til aðildarfélaga	1.066.521	1.715.948
Ógreiddir styrkir	4.594.267	7.817.128
Aðrar skammtímaskuldir	354.742	459.028
	<u>21.820.832</u>	<u>20.422.403</u>

13. Tengdir aðilar

Eigendur með ráðandi eða veruleg áhrif á félagið, aðal- og varamenn í stjórn félagsins, auk framkvæmdastjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar viðkomandi aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.


VR sem annar eigandi sjóðsins með Samtökum atvinnulífsins leggur sjóðnum til 25% mótframlag á móti innheimtum iðgjöldum sjóðsins og annast samkvæmt þjónustusamningi umsýslu hans. Viðskiptin greinast þannig á árinu:

	Framlag	Þóknun
VR	227.293.263	51.304.524

Engin önnur viðskipti eru við tengda aðila hjá sjóðnum.

14. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2025.



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS